

Fjölvisistefnan

Fjölvisistefnan byggist á fjölgreindakenningu Howard Gardner sem felst í því að hver og einn er með mismunandi styrkleika og skiptir hann greind einstaklinga í 8 þætti. Með því að efla og styrkja alla þessa þætti er tekið tillit til ólíkra þarfa barna og þeim mætt á einstaklingsmiðaðan hátt sem skilar sér í sterkri sjálfsmýnd. Unnið er á fjölbreyttan hátt með hverja greind og þær fléttaðar saman. Styrkur barnanna er misjafn í hverri greind, sem er sá fjölbreytileiki sem við viljum mæta og efla.

Sjálfspækingargreind - Í gegnum jákvæð samskipti og hrós eflum við sjálfsvitund og sjálfsmýnd. Um leið og við kennum börnum að bera virðingu fyrir öðrum kennum við þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og setja öðrum mörk. Ein af meginleiðum skólans í að efla þessa greind er að hvetja og aðstoða börnin við að vera sjálfstæð og gera sjálf það sem þau hafa getu til. Með því byggjum við upp sjálfsvitund og sjálfstjórn sem og líkamsvitund og hreysti.


Til að efla sjálfspækingargreind hvetjum við börnin til að; nota jákvæð orð um sjálfan sig, þakka fyrir, gefa og þiggja hrós, fá líkamlega jafnt sem tilfinningalega útrás, hafa kjark til að koma fram og standa á sínu.

Samfélags- og félagshæfnigreind – Samskipti er grundvallarþáttur í félags þroska barna. Samskipti meðal kennara og barna byggja á jákvæðni og gagnkvæmri virðingu. Við kennum börnum að bera virðingu fyrir hvert öðru og bregðast við ýmsum aðstæðum á uppbyggilegan hátt.

Til að efla samfélags- og félagshæfnigreind hvetjum við börnin til að; eignast vini, bjóða fram aðstoð, leysa deilur, leika, skiptast á, æfa nánd og sýna samkennd, víkka út sjóndeildarhringinn með því að stækka nærumhverfið, fara í vettvangsferðir, heimsóknir, fá sýningar í skólann, halda tónleika, taka þátt í fullorðins verkum s.s. þurrka af og leggja á borð.

Málgreind – Málörvun er einn af lykilþáttum tjáningar. Hún er rauður þráður í öllu starfi skólans, hvort sem það er í skipulögðum stundum í hópatímanum, frjálssa leiknum í valinu, léttu spjall við matarborðið eða heimspekilegaum umræðum í útiverunni. Framkoma og tjáning eru æfð sem og að koma orðum yfir athafnir sínar.

Til að efla málgreind hvetjum við börnin til að; skoða bækur, teikna, tala saman, hlusta á sögur og lestur bóka, hlusta á tónlist og syngja, nota tákni með tali og æfa frásagnir, rím og þulur.



Rök- og stærðfræðigreind – lögð er áhersla á að efniviður og verkefnaval feli í sér rökhugsun og stærðfræði.

Til að efla rök- og stærðfræðigreind hvetjum við börnin til að; leika með einingakubba, snjallkubba (holukubba), leikpúða og dýnur, gera mælingar, telja, flokka, æfa hugtakanotkun, leysa þrautir og gera tilraunir.

Rýmisgreind – áhersla er á sjónræna örvun, liti, form, lögun og þrívídd. Notast er við ljós og skugga, ljósmyndir og fleira.

Til að efla rýmisgreind hvetjum við börnin til að; teikna, mála, klippa og líma, móta í leir, búa til listaverk úr verðlausum efnivið, leika með kubba eða púða til að byggja í þrívídd, skreyta umhverfi sitt og taka ljósmyndir.

Líkams- og hreyfigreind – áhersla er lögð á hreyfingu og hreysti hvort sem það er úti eða inni. Við notum kjarkæfingar, leiki og umhverfið í kringum okkur til þess að örva meðvitund um eigin getu og styrk.

Til að vinna með líkams- og hreyfigreind hvetjum við börnin til að; dansa, vinna í höndunum, leira, leika á hljóðfæri, leika sér úti, leika í leikriti, fara í jóga eða íþróttir, gönguferðir, herma eftir fólki og dýrum, teikna.

Tónlistargreind – áhersla er á að tónlist sé hluti af okkar daglega lífi. Við notum til þess söngva og þulur, æfum takt og hljómbæl með hinum ýmsu hljóðfærum.

Til að vinna með tónlistargreind hvetjum við börnin til að; búa til hljóðfæri úr verðlausum efnivið, hlusta og sjá kynningar á hljóðfærum og tónlist, leika á hljóðfæri, hlusta á tónlist, syngja, semja lög, raula, slá takt og dansa.

Umhverfisgreind – áhersla er á græn gildi í öllu starfi skólans sem og nægjusemi og nýtni. Börnin verða þannig meðvitaðri um umhverfi sitt og endurvinnslu.

Til að vinna með umhverfisgreind hvetjum við börnin til að; endurvinna, flokka og skila í grenndar gáma eða endurvinnslutunnu, nota verðlaust leikefni í listsköpun eða frjálstan leik, hreinsa nærumhverfið.